

Fimmtudaginn 9. febrúar 1984.

Nr. 119/1982. **Erla Þorsteinsdóttir**

(Páll A. Pálsson hrl.)

gegn

Ellíða N. Guðjónssyni

(Jón Ólafsson hrl.)

Hjón. Búskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 24. maí 1982. Hann krefst þess, „að staðfest verði með dómi riftun áfrýjanda á samkomulagi málsaðila dagsettu 10. maí 1980 um skipti á félagsbúi aðila og að riftunin taki einnig til skiptayfirlýsinga og samninga er gerðir voru af málsaðilum hinn 21. maí 1980 á grundvelli samkomulags frá 10. maí 1980.“ Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Samningur málsaðilja um eignaskipti frá 10. maí 1980, sem saminn var af lögmanni áfrýjanda, verður hvorki talinn hafa verið berýnilega ósanngjarn, þannig að hann verði með dómi lýstur óskuldbindandi samkvæmt heimild í 1. mgr. 54. gr. laga nr. 60/1972, né heldur verður hann metinn ógildur vegna efnis síns og aðdraganda með stoð í almennum reglum um fjármunaréttarsamninga. Heimildarlaus veðsetning stefnda á eignarhluta áfrýjanda í fasteigninni Lyngási 11 í Garðakaupstað til tryggingar skuldum sínum við Útvegsbanka Íslands, eftir að eignaskiptasamningurinn var kominn til framkvæmda var ekki vanefnd á þeim samningi, sem veitti áfrýjanda rétt til riftunar hans. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 25.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Erla Þorsteinsdóttir, greiði stefnda, Elliða N. Guðjónssyni, 25.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 24. febrúar 1982.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 8. febrúar 1982, hefur Erla Þorsteinsdóttir, nnr. 2180-9128, Lindarflöt 37, Garðakaupstað, höfðað fyrir dóm-inum hinn 8. maí 1981 gegn Elliða Norðdahl Guðjónssyni, nnr. 2076-6921, Lyngási 11, Garðakaupstað.

Endanlegar dómkröfur sínar orðar stefnandi svo:

„Að staðfest verði með dómi riftun stefnanda á samkomulagi málsaðila dagsettu 10. maí 1980 um skipti á félagsbúi aðila og að riftunin taki einnig til skiptayfirlýsinga og samninga er gerðir voru hinn 21. maí 1980 á grundvelli samkomulagsins frá 10. maí 1980. Tekur riftunarkrafan þannig til lög-gerninga sem eru á dskj. nr. 3, 4, 5, 6 og 7 í máli þessu. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati réttarins.“

Lögmaður stefnda orðar dómkröfur stefnda svo:

„Að staðfest verði með dómi eftirtalin skjöl, sem undirrituð eru af um-bjóðanda mínum og stefnanda, en þau eru samkomulag dagsett 10. maí 1980, samningur dagsettur 21. maí 1980, félagssamningur dagsettur 21. maí 1980, yfirlýsing um fasteignina Lindarflöt 37, Garðabæ, dagsett 21. maí 1980, og yfirlýsing um fasteignina Lyngás 11, dagsett 21. maí 1980, en þetta eru rskj. nr. 3, 4, 5, 6 og 7 í máli þessu.

Þá krefst umbjóðandi minn málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins.“

II.

Aðiljar máls þessa, sem gengið höfðu í hjúskap hinn 25. júlí 1955, fengu leyfi til lögskilnaðar í byrjun árs 1978. Þú þeirra var tekið til opinberrar skiptameðferðar, þar eð ágreiningur var með þeim um búskipti. Hjónin höfðu búið í einbýlishúsi að Lindarflöt 37, sem þau höfðu fært úr hjú-skapareign mannsins í séreign konu með kaupmála, skráðum 10. 4. 1973. Helstu eignir félagsbúsins voru í fyrsta lagi verksmiðjuhús að Lyngási 11, bakhús, 28% eignarhluti af allri fasteigninni Lyngási 11, og í öðru lagi fyrirtæki, er starfaði í verksmiðjuhúsinu og framleiddi einkum handfæra-vindur, er maðurinn hafði fundið upp og fengið á einkaleyfi. Verulegur hluti af framleiðslu fyrirtækisins var til útflutnings.

Mál þetta hefur verið lagt þannig fyrir, að þarna hafi verið um þrjár nokkuð jafn verðmætar eignir að ræða, íbúðarhúsið, verkstæðishúsið og verksmiðjuna með tækjum, lager og viðskiptavild.

Undir hinni opinberu skiptameðferð krafðist maðurinn þess, að íbúðarhúsið að Lindarflöt 37 yrði dregið undir félagsbúið. Var um það ágreiningsefni rekið sérstakt skiptaréttarmál. Helstu málsástæður sóknaraðilja, mannsins, voru þær í fyrsta lagi, að kaupmálinn hefði verið málamyndagerningur, í öðru lagi, að hann hefði afturkallað kaupmálann, í þriðja lagi, að hann hefði verið í góðri trú um, að kaupmálinn væri úr gildi fallinn, þar eð hann hefði ekki verið færður í veðmálabækur, þ. e. þinglýst sem eignarheimild fyrir fasteign þeirri, er hann tók til (aðeins skráður í kaupmálabók), í fjórða lagi, að varnaraðili hefði eftir gerð kaupmálans lýst því yfir, að sóknaraðili skyldi eiga fyrirtækið einn, og í fimmta lagi, að sóknaraðili hefði gert fyrirtæki sitt og verksmiðjuhús að séreign sinni, hefði hann vitað, að varnaraðili ætlaði að byggja á kaupmálanum, ef til skipta kæmi.

Með úrskurði skiptaréttar, uppkveðnum 26. febrúar 1979, var hrundið kröfu mannsins um, að fasteignin að Lindarflöt 37 yrði dregin undir búskipti.

Hélt nú skiptameðferð búsins áfram, og varð samkomulag um að selja eignir búsins á opinberu uppboði. Þá gerist það vorið 1980, að hjónin náðu samkomulagi um ágreiningsefni sín og lögðu fram í skiptarétti hinn 29. maí 1980 samkomulag um búskiptin, dagsett 10. maí 1980.

Samkomulag þetta, þ. e. skiptagerð, er dskj. nr. 3 í máli þessu. Helstu atriði þess eru, að fasteignirnar að Lindarflöt 37 og Lyngási 11 skyldu báðar verða sameign málsaðilja með helmings eignarhlutaraðild hvors um sig. Um fyrirtækið skyldi stofnað sameignarfélag, einnig með helmings eignarhlutdeild. Við skiptalokin hinn 29. maí lögðu aðiljar fram skiptayfirlýsingar í samræmi við framangreint, sem þinglýst var á fasteignirnar, og eru það dskj. nr. 6 og 7 í máli þessu, og stofnsamning og félagssamning sameignarfélagsins, og eru það dskj. nr. 4 og 5 í máli þessu. Eru þá upptalin skjöl þau, er vísað er til í dómkröfum málsaðilja.

Frávik frá lögmaeltum skiptareglum við búskiptin var það, að fasteignin Lindarflöt 37 var dregin undir þau, og er það sérstaklega áréttað með þessum orðum í samkomulaginu á dskj. nr. 3: „Erla Þorsteinsdóttir fellur frá rétti sínum samkvæmt kaupmála ds. 9. 4. 1973 um Lindarflöt 37 og samþykkir að eignin falli til félagsbúsins.“ Annað óvenjulegt ákvæði í nefndum gurningum er í stofnsamningi um sameignarfélagið, en þar segir, að konan skuli „fá í laun frá fyrirtækinu“ kr. 300.000 á mánuði kaupgjaldsvísitöluþryggt miðað við 1. maí 1980, en starfskrafta Erlu er þó ekki óskað við rekstur fyrirtækisins.

Leið nú sumarið og fram til 10. október, en þá ritar lögmaður konunnar

manninum bréf, þar sem kvartað er yfir því, að konan hafi ekki fengið um 2ja mánaðar laun greidd og brotið hafi verið það ákvæði félagssamningsins, að aðilar haldi „1 fund með verkstjóra fyrirtækisins í viku hverri um rekstur og hag félagsins.“ Þvert á móti hafi konan engar upplýsingar fengið, þótt eftir þeim hafi verið leitað. Áskilinn er allur réttur vegna vanefnda á umræddum samningum.

Enn ritar lögmaður konunnar manninum bréf hinn 6. maí 1981. Þar lýsir hann f. h. umbjóðanda síns yfir riftun á samningum þeim, er dómkröfur stefnanda í máli þessu lúta að. Til staðfestingar á þeirri riftun er svo mál þetta höfðað tveim dögum seinna með kröfugerð fyrir dómi og framlagningu skjala í dómi hinn 8. maí 1981.

III.

Málsástæðum sóknaraðilja er í aðalatriðum þegar lýst, en nánari reifun þeirra er á þessa leið:

Maðurinn hafi vanefnt skilnaðarsamninga aðilja verulega og hafi því konunni verið heimilt að rifta þeim. Vanefndin sé í fyrsta lagi fólgin í því, að af þeim kr. 22.338.50, sem sameignarfélagið sem maðurinn stjórnar, hafi átt að greiða konunni í laun fyrir tímabilið frá 1. 6. - 31. 12. 1980 séu aðeins kr. 13.907 greiddar, eftirstöðvar, kr. 8.430.70, eða 37.74%, og af launafjárhæð kr. 22.558 fyrir tímabilið 1. 1. - 30. 6. 1981 séu aðeins kr. 17.359.20 greiddar, eftirstöðvar kr. 5.198.80, eða 23.05%. Af heildarlaunum fyrir 13 mánaða tímabil, kr. 44.896.00, séu kr. 13.626.50 ógreiddar, eða 30.36%.

Af hálfu mannsins er ofangreind sundurliðun tölulega viðurkennd, en á því byggt, að hér sé ekki um slíka vanefnd að ræða, að til riftunarheimildar geti leitt.

Vanefndir telur sóknaraðili í öðru lagi í því fólgnar, að brotið hafi verið ákvæði 4. gr. félagssamnings um vikulega fundi. Hún hafi aðeins þrívégis verið boðuð til fundar, í eitt skiptið hafi hún ekki komist á fund, í annað skipti hafi hún mætt til boðaðs fundar, en þá hafi hvorki varnaraðili né verkstjórinn mætt og því orðið fundarfall, en í þriðja skiptið hafi að vísu verið haldinn fundur, en þá hafi fyrst og fremst verið rætt um vanda fyrirtækisins vegna fjármagnsútvegunar, en ekkert heildaryfirlit gefið um reksturinn.

Stefnandi heldur því fram, að þar sem sér hafi ekki heldur með öðrum hætti verið gefinn kostur á að fylgjast með rekstrinum eða hafa hönd í bagga um stjórnun fyrirtækisins, þá sé þarna um verulega vanefnd að ræða, þá að halda stefnanda nánast algerlega utan við allar ákvarðanatökur og upplýsingar að því er snerti stjórnun og rekstur fyrirtækisins.

Við aðiljayfirheyrslu hélt maðurinn því ekki fram, að hann hefði staðið

við það ákvæði félagssamnings að boða vikulega fundi. Hann tók fram, að þegar halda átti fund þann, þegar konan mætti ekki, þá hafi hann verið búinn að fá bókhaldsfróðan mann til að fara yfir stöðu og rekstur fyrirtækisins og hafi hann mætt á fundinum, en konan ekki komið og þeir beðið í tvo tíma, en konan setið heima hjá sér og á engan hátt verið forfölluð. Fundurinn hafi svo verið haldinn nokkrum dögum seinna og konan mætt þar og þá m. a. verið rætt um fjármagnsútvegum.

Maðurinn tók fram, að hann mótmælti því, að hann hefði meinað konunni að fylgjast með rekstrinum. Þvert á móti kvaðst hann hafa hvatt bæði konuna og lögmann hennar til að „fylgjast með öllum pappírurum í sambandi við verkstæðið, hvort sem þeir væru hjá mér eða endurskoðanda.“ Um áramótin kvaðst hann hafa boðið konunni að hefja störf við fyrirtækið, þannig að hún gæti fylgst með daglegum rekstri og athöfnum.

Í þriðja lagi telur sóknaraðili vanefndir í því fólgnar, að varnaraðili hafi án heimildar sinnar veðsett sameiginlegar eignir málsaðilja. Þannig hafi hann með tryggingarbréfi, útgefnu 2. 7. 1980, veðsett Útvegsbanka Íslands allan eignarhluta beggja málsaðilja í fasteigninni að Lyngási 11 fyrir gkr. 6 milljónir, með veðskuldarbréfi, útgefnu hinn 11. 8. 1981, hafi hann veðsett Iðnlánasjóði 50%, þ. e. sinn eigin eignarhluta í nefndri eign fyrir kr. 44.762.50, með tryggingarbréfi, útg. 19. 10. 1981, hafi hann veðsett Útvegsbanka Íslands sama eignarhluta fyrir U.S.\$ 20.000, eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í íslenskum krónum, og loks með veðskuldaðbréfi, útgefnu 8. 1. 1982, hafi hann veðsett Samvinnubanka Íslands h/f sama eignarhluta fyrir kr. 60.000.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að allar þessar veðsetningar hafi verið vegna reksturs hins sameiginlega fyrirtækis og raunar óhjákvæmilegar til þess að halda fyrirtækinu gangandi. Með þrem síðast töldu bréfum hafi stefndi aðeins veðsett sinn eigin eignarhluta og sé fráleitt að stefnandi geti að því fundið fremur en þinglýsingadómari, sem þinglýst hafi bréfunum athugasemdalaust, einnig þeim sem þinglýst var, eftir að þinglýst var hinn 10. okt. 1981 yfirlýsingu á dskj. nr. 7 um 50% eignarhlutdeild stefnanda í Lyngási 11.

Stefnandi telur, að þar sem um óskipta sameign sé að ræða, þá breyti það engu um ölögmæti greindra veðsetninga, þótt stefndi veðsetti aðeins sinn 50% eignarhluta með þremur síðustu veðsetningum.

Í fjórða lagi telur stefnandi vanefndir stefnda í því fólgnar, að stefndi hafi hinn 28. ágúst 1981 skráð nýtt fyrirtæki, Sjávarvélar s/f, er hann hafi stofnað ásamt tveim nafngreindum mönnum. Fyrirtækið hafi hafið rekstur með framleiðslu beitningarvéla í þeim hluta hússins að Lyngási 11, sem ekki er í eigu aðilja máls þessa. Telur stefnandi aðild stefnda að þessu nýja fyrirtæki ósamrýmanlegan félagsrekstri málsaðilja, hið nýja fyrirtæki verði

samkeppnisaðili hins eldra og allt bendi til þess, að það sé gagnert stofnað til þess að draga tækniþekkingu út úr eldra fyrirtækinu, en hönnun umræddra beitningarvéla hafi farið þar fram. Loks telur stefnandi, að lager, vinnutími og fl. kunni e. t. v. að ruglast milli fyrirtækjanna, viljandi eða óviljandi, hinu eldra fyrirtæki í óhag. Þessu öllu hefur stefndi eindregið mótmælt, bendir á, að ekkert sé í félagssamningi um sameignarfyrirtæki málsaðilja, sem banni honum að eiga aðild að öðrum fyrirtækjum, um aðra framleiðslu sé að ræða, þar sem Elliði Norðdahl Guðjónsson s/f framleiði ekki beitningarvélar, og loks að hönnuður beitningarvéla sé ekki stefndi, heldur annar sameigenda hans.

Jafnframt því að byggja riftun á vanefnd, þ. e. brotum stefnda á samningum málsaðilja, byggir stefnandi kröfur sínar á þeirri málsástæðu, að skilnaðarsamkomulag málsaðilja sé *óskuldbindandi* af þeim ástæðum, er nú skal greina:

Í fyrsta lagi hafi uppboð á eignum félagsbúsins vofað yfir. Við uppboðssölu hefðu eignirnar að líkindum selst fyrir lágt verð. Einkum megi ætla, að svo hefði farið um fyrirtækið, ekkert hafi bent til, að viðunandi boð fengist í það sem eina heild og því síður að sannvirði fengist fyrir einstakar eignir þess, svo sem aðkeypta hluti í framleiðsluvörurnar eða hálfsmíðaða hluti, hvort tveggja á lager þess. Viðskiptavild fyrirtækisins hefði orðið einskis virði við slíka uppboðssölu. Stefndi hefði þannig að öllum líkindum aðeins þurft að bjóða mjög lágt til þess að ná fyrirtækinu til sín.

Í öðru lagi hafi aðstöðumunur málsaðilja verið mjög mikill, stefndi reyndur í viðskiptum og hafandi mikla tekjuöflunarmöguleika gagnstætt því, sem verið hafi um stefnanda.

Í þriðja lagi séu skilnaðarsamningarnir óskuldbindandi samkvæmt 54. gr. 1. nr. 60/1972. Þeir fullnægi því skilyrði nefnds lagaákvæðis að hafa verið bersýnilega ósanngjarnir. Hinu skilyrði ákvæðisins um 1 árs málshöfðunarfrest sé einnig fullnægt, þar sem miða verði upphaf frestsins við gerð samkomulagsins hinn 10. maí 1980, en mál þetta sé höfðað hinn 8. maí 1981.

Í fjórða lagi hafi það verið forsenda af hálfu stefnanda, að samvinna málsaðilja yrði með eðlilegum hætti um rekstur fyrirtækisins. „Þessir samningar hefðu getað gilt og haldið ef eftir þeim hefði verið farið“, eins og lögmaður stefnanda orðaði það í málflutningi. Svo hafi ekki orðið og forsendur því brostnar.

IV.

Alit réttarins.

Mál þetta snýst í raun um fasteignina Lindarflöt 37. Yrði fallist á kröfur sóknaraðilja um riftun eða ógildingu skilnaðarsamninga frá maí 1980, hæf-

ust samningar málsaðilja um skipti eða opinber skiptameðferð að nýju á þeim grundvelli, að nefnd fasteign væri séreign konunnar og utan félagsbúsins. Rétt þykir að fjalla fyrst um þá málsástæðu stefnanda, sem byggð er á 54. gr. 1. nr. 60/1972, þ. e. að skilnaðarsamkomulag málsaðila skuli lýsa óskuldbindandi, þar sem það hafi verið bersýnilega ósanngjarnt og málið höfðað innan lögmæts frésts.

Af hálfu stefnanda hefur verið rík áhersla á það lögð, að við mat á því, hvort skilnaðarsamkomulagið hafi verið bersýnilega ósanngjarnt, verði að líta til aðstæðna, eins og þær voru við gerð þess, en þá hafði konan með úrskurði skiptaréttar fengið á því staðfestingu, að hún gæti samkvæmt kaupmálanum frá 1973 haldið fasteigninni að Lindarflöt 37 utan við skiptin. Á þetta verður ekki fallist, þvert á móti verður við mat á því, hvað var bersýnilega ósanngjarnt, að líta til allra aðstæðna, þ. á m. forsögu málsins.

Í skiptaréttarmálinu nr. 417/1978, en úrskurður í því máli hefur verið lagður fram sem dómskjal í máli þessu, kom það fram, að með kaupmálanum var nefnd fasteign, sem orðið hafði til í hjúskap málsaðilja, endurgjaldslaut gerð að séreign konunnar.

Eftir þessu þá er það sú eignaheild, sem myndast hafði í hjúskap hjónanna frá upphafi hans 1955 til loka hans í ársbyrjun 1978, sem skilnaðarsamningarnir frá maí 1980 taka til. Þeirri eignaheild var samkvæmt þeim skipt eftir helmingaskiptareglu. Ekki verður séð, að sú niðurstaða hafi getað talist ósanngjörn.

Vanefnd varð af hálfu mannsins á því, að hann léti sameignarfélag málsaðilja standa við umsamdar greiðslur til konunnar. Raunar virðist ekki hægt að líta á þær greiðslur sem laun, fremur virðist þarna hafa verið um sérstakt form á arðgreiðslum til annars sameigenda að ræða.

Vanefndarfjárhæðin, kr. 13.629.50 af kr. 44.762.50, er veruleg, ef einvörðungu er litið til umsaminna greiðslna skv. 3. gr. á dskj. nr. 4. Sé hins vegar litið til heildarverðmætis félagsbúsins, þá er vanefndarfjárhæðin óveruleg, eða væntanlega um $\frac{2}{3}\%$, og um eða innan við 1% sé litið til þeirra verðmæta, er konan fékk í sinn hlut við skiptin.

Í 8. gr. félagssamnings um sameignarfélag málsaðilja er kveðið svo á, að vilji annar eigenda ganga úr félaginu, skuli hinn greiða honum út hlut hans eftir mati tveggja óvilhallra manna og miðist matið við áframhaldandi starfrækslu félagsins. Helming fjárhæðarinnar skal greiða innan 6 mánaða, frá því að krafa kemur fram, en hinn helminginn innan árs. Þessu ákvæði hefur ljóslega verið ætlað að tryggja konunni óvenju greiða leið til félagslita og að hagsmunir hennar yrðu ekki fyrir borð bornir eða þeim spillt við félagsslit.

Að öllu þessu athuguðu telst hvorki fram komið í málinu, að þau atvik

hafi verið fyrir hendi, er varði því, að skilnaðarsamningar málsaðilja um fjárskipti teljist óskuldbindandi, né að þær vanefndir, sem á þeim hafa orðið af hálfu stefnda, séu þess háttar, að þær heimili riftun þeirra.

Þer því að sýkna stefnda af dómkröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Elliði Norðdahl Guðjónsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Erlu Þorsteinsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 10. febrúar 1984.

Nr. 130/1982. **Valdimar Auðunsson**

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

gegn

Ingólfi Ingvarssyni

(Stefán Pálsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur kveðið upp Kjartan Þorkelsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júní 1982. Dómkröfur hans eru þær, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið, synjað verði um framgang hins umbeðna uppboðs og áfrýjanda dæmdur málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.